

144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal 1403 — 758. mál.

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Júlíusdóttur um utanlandsferðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar utanlandsferðir hefur ráðherra farið það sem af er kjörtímabilinu? Óskað er eftir upplýsingum um tilefni, lengd og kostnað hvernar ferðar ásamt fjölda í fylgdarliði.

Ráðherra hefur á yfirstandandi kjörtímabili, frá maí 2013 til loka maí 2015, farið í eftirtaldar ferðir til útlanda í embættiserindum:

Tilefni	Daga- fjöldi	Heildar- kostnaður	Fylgdar- fólk
Leiðtogafundur Barentsráðsins, fundurinn haldinn í Kirkenæs, Noregi.	3	1.038.127	2
Fundur með forsætisráðherra Svíþjóðar, Fredrik Reinfeldt, í Stokkhólmi.	2	1.200.793	3
Fundur með forsætisráðherra Danmerkur í Kaupmannahöfn. Fer til Þórshafnar til fundar með lögmanni Færeyja.	3	1.421.757	3
Ferð til Brussel vegna fundar með Barroso, Van Rompuy og Anders Fogh-Rasmussen.	4	963.554	2
Opinber heimsókn til Manitoba. Einnig þátttaka í Íslendingadegi.	6	1.308.836	2
Ráðstefna í Arendal, Noregi, hélt erindi um stöðu Norðurlandanna í Evrópu. Tviðliða fundir með leiðtogum norskra stjórnsmálaflokka.	4	487.025	1
Leiðtogafundur Norðurlandanna með Barack Obama Bandaríkjaforseta.	3	654.915	2
Vinnuheimsókn til Bretlands – forsætisráðherra aðalræðumaður á viðskiptaráðstefnu og fundur með utanríkisráðherra Bretlands.	3	1.065.910	3
Norðurlandaráðsþing og tengdir ráðherrafundir. Forsætisráðherra afhendir einnig forsætisráðherra Noregs þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna í tilefni af því að árið 2005 voru 100 ár liðin frá endurreisn norska konungsdæmisins.	3	970.505	3
Ferð til Edmonton, Kanada, í tilefni af fyrsta flugi Ícelandair til borgarinnar og tviðliða fundur með forsætisráðherra Alberta.	4	165.270	2
Alþjóðlegt þing frjálslyndra flokka og tviðliða fundur með forsætisráðherra Hollands.	4	898.973	2
Ferð vegna 20 ára afmælis EES-samningsins og hátiðarkvöldverður EFTA-dómstólsins í Lúxemborg.	2	461.334	1
Leiðtogafundur NATO, haldinn í Newport.	4	791.966	2
Ráðherravika 69. allsherjarþings, leiðtogafundur um loftslagsmál. New York.	6	1.949.340	3
Forsætisráðherra sækir 66. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og situr ráðherrafundi.	4	779.246	2
Northern Future Forum Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og Bretlands, haldið í Helsinki.	3	995.509	3
Ráðstefna í St. Gallen og ráðherrafundir í Sviss og fundir með forsætisráðherra Liechtenstein og öðrum ráðamönnum.	4	1.574.452	3